

Priðjudaginn 11. júní 1996.

Nr. 217/1996.

Halaklettur ehf.

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Bakka hf.

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. maí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 4. júní sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 15. maí 1996, þar sem leyst er úr ágreiningi um málskostnað í máli varnaraðila á hendur sóknaraðila, sem var að öðru leyti lokið með dómsátt. Kæruheimild er í g-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að greiða sér 602.214 krónur í málskostnað í héraði auk kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða 493.546 krónur í málskostnað í héraði, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki kært úrskurð héraðsdómara fyrir sitt leyti. Kemur því ekki til álita aðalkrafa varnaraðila um breytingu á niðurstöðu úrskurðarins honum í hag.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur. Verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Halaklettur ehf., greiði varnaraðila, Bakka hf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 15. maí 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 15. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. E-32/1995: Bakki hf. gegn Halakletti ehf.

I.

Málið höfðaði Magnús Thoroddsen hæstaréttarlögmaður fyrir hönd Bakka hf., kt. 440387-1369, Strandgötu 5, Hnífsdal, með stefnu, út gefinni 13. febrúar 1996, á hendur Halakletti ehf., kt. 550595-2229, Ásvegi 32, Breiðdalsvík, sem birt var fyrirvarsmanni stefnda 15. s. m., en málið var þingfest hér fyrir dómi 6. mars s. á.

Af hálfu stefnda tók Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður til varna í málinu. Að gagnaöflun lokinni tókust 30. apríl síðastliðinn sættir í málinu um allt annað en málskostnað stefnanda, en ákvörðun hans var falin héraðsdómara á grundvelli 2. mgr. 108. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að undangenginni framlagningu málskostnaðarreikninga beggja aðila og málflytningi lögmanna um þann þátt málsins.

II.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. einkamálagaga skal sá, er tapar máli í öllu verulegu, að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Samkvæmt dómsátt málsaðila ber stefnda að selja og stefnanda að kaupa nánar tiltekið magn af rækju í samræmi við fyrirliggjandi kaupsamning aðila frá 2. október 1995, allt í samræmi við kröfur stefnanda í málinu. Að þessu virtu þykir ekki hjá því komist að verða við kröfu lögmans stefnanda og úrskurða stefnda til greiðslu málskostnaðar á grundvelli 1. og 3. mgr. 129. gr. téðra laga. Við ákvörðun hans þykir þó mega líta til þess, að sættir tókust í málinu fyrir aðalmeðferð.

Samkvæmt málskostnaðarreikningi stefnanda nam verðmæti stefnukröfu 3.687.887 krónum á sáttadegi. Að teknu tilliti til útlagðs kostnaðar af hálfu stefnanda þykir hæfilegt að ákvarða honum 300.000 krónur í málskostnað úr hendi stefnda.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Stefndi, Halaklettur ehf., greiði stefnanda, Bakka hf., 300.000 krónur í málskostnað.